ÍSLENSK útgáfa

TIL BAKA

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 36

3. árgangur

22.8.1996

**I EES-STOFNANIR**

1. **EES-ráðið**
2. **Sameiginlega EES-nefndin**
3. **Sameiginlega EES-þingmannanefndin**
4. **Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

1. **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
2. **Eftirlitsstofnun EFTA**
3. **EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

1. **Ráðið**
2. **Framkvæmdastjórnin**

**96/EES/36/01** Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.781 - Schering/Gehe-Jenapharm) ....01

**96/EES/36/02** Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.794 - Coca-Cola Enterprises Inc. - Amalgamated Beverages Great Britain Limited) .... 02

**96/EES/36/03** Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.810 - N-TV) ....02

**96/EES/36/04** Tilkynning um einkanytjaleyfissamninga (Mál nr. IV/36.183/F-3) ....03

**96/EES/36/05** Tilkynning til bráðabirgða um umboðssamning (Mál nr. IV/35.957 - Mölnlycke/Tambrands) ....04

3. **Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.781 - Schering/Gehe-Jenapharm)

**96/EES/36/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 8. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89(1) þar sem fyrirtækin Schering AG, Berlín og Gehe AG, Stuttgart, hið síðarnefnda undir stjórn Haniel + Cie, Duisburg, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Jenapharm GmbH + Co KG, Jena, með verðbréfakaupum.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   - Schering AG: rannsóknir og þróun, lyfjaframleiðsla og sala, einkum á sviði frjósemiseftirlits og hormónameðferðar, svo og vörur á sviði uppskeruverndar,

   - Gehe AG: lyfjaframleiðsla, heildsala og smásala, heilbrigðisþjónusta,

   - Jenapharm GmbH: rannsóknir og þróun, lyfjaframleiðsla og sala.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 241, 20. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.781 - Schering/Gehe-Jenapharm, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(1) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

ÍSLENSK útgáfa

## Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.794 - Coca-Cola Enterprises Inc. - Amalgamated Beverages Great Britain Limited) 96/EES/36/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 8. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89(¹) þar sem fyrirtækið Coca-Cola Enterprises Inc. (CCE), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Amalgamated Beverages Great Britain Limited (ABGB), móðurfyrirtæki breska átöppunarfyrirtækisins Coca-Cola & Schweppes Beverages Limited (CCSB) með kaupum á hlutafé.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CCE: bandarískt stórfyrirtæki á sviði átöppunar og dreifingar á drykkjavörum í Bandaríkjunum og Evrópu, sem eru markaðssettar undir vörumerkjum í eigu Coca-Cola Company (TCCC) og annarra,

- ABGB: fyriræki skráð í Breska konungsríkinu sem, í gegnum dótturfyrirtæki sitt CCSB, framleiðir, pakkar, markaðssetur, dreifir og selur drykkjarvörur frá TCCC, Cadbury Schweppes og fleirum í Breska konungsríkinu.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 241, 20. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.794 - Coca-Cola Enterprises Inc./Amalgamated Beverages Great Britain Limited, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

## Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.810 - N-TV) 96/EES/36/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 8. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89(¹) þar sem fyrirtækið GWF Gesellschaft für Wirtschaftsfernsehen mbH & Co KG, sem tilheyrir útgáfusamstæðunni von Holtzbrinck, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækjunum n-tv Nachrichtenfernsehen GmbH & Co KG og n-tv Nachrichtenfernsehen Beteiligungs GmbH með hlutabréfakaupum. Önnur fyrirtæki sem eiga hlut að sameiginlegu yfirráðunum eru Time Warner Entertainment Germany GmbH, sem tilheyrir Time Warner-samstæðunni, og CNN Germany Inc., sem tilheyrir samstæðunni Turner Broadcasting System Inc.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Holtzbrinck: fjölmiðlun, einkum útgáfustarfsemi,

- Time Warner: fjölmiðlun,

- Turnar Broadcasting: fjölmiðlun,

- n-tv: gerð sjónvarpsfréttaþáttar á þýsku.

(¹) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 241, 20. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.810 - N-TV, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

## Tilkynning um einkanytjaleyfissamninga (Mál nr. IV/36.183/F-3)

**96/EES/36/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 8. 1996 tilkynning um samninga samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62([1]) þar sem fyrirtækið Coca-Cola & Schweppes Beverages Limited mun hafa einkarétt á framleiðslu, dreifingu, sölu og markaðssetningu gosdrykkjategunda frá Cadbury Schweppes í Breska konungsríkinu.

   Cadbury Schweppes plc (CS) hefur samþykkt að selja eignahlut sinn í Coca-Cola & Schweppes Beverages Limited (CCSB) til Coca-Cola Enterprises Inc. (CCE). CCSB sér um átöppun tegunda gosdrykkja frá CS (þar með talið vatn) í Breska konungsríkinu. CS og CCE hafa samþykkt að þegar salan er um garð gengin munu meðlimir CS-samstæðunnar hafa einkarétt á viðskiptafyrirkomulagi óskyldra aðila með CCSB fyrir framleiðslu, dreifingu, sölu og markaðssetningu á gosdrykkjategundum frá CS í Breska konungsríkinu. CCSB samþykkir að framleiða ekki né dreifa, markaðssetja eða selja vörur sem eru í samkeppni varðandi bragðtegundir við leyfðar vörur frá CS (með einstaka undantekningum). Samningarnir eru upphaflega til 15 ára (framlengjanlegir um 10 ár til viðbótar nema ef annar samningsaðilanna tilkynnir uppsögn þeirra).

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.

3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 241, 20. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 98 02) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.183/F-3, á eftirfarandi heimilisfang:

   Commission of the European Communities
   Directorate-General for Competition (DG IV)
   Directorate F
   Office 2/45
   Avenue de Cortenberg 150
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

ÍSLENSK útgáfa



## Tilkynning til bráðabirgða um umboðssamning (Mál nr. IV/35.957 - Mölnlycke/Tambrands)

**96/EES/36/05**

Þann 22. 3. 1996 tilkynnti SCA Mölnlycke Limited um umboðssamning við Tambrands Limited og fór fram á að mótmælum yrði ekki hreyft en að öðrum kosti undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntur samningur geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 232, 10. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 98 06) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/35.957 - Mölnlycke/Tambrands, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate E
Office 2/116
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels